

# Skólaráð

## 1. fundur, 8. október 2020

Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Svanhildur Ástþórsdóttir, Bergrún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Elísabet Stefánsdóttir, Ágústa M. Jónsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Ingibert Snær

1. Reglugerð um skólaráð.
  - a. Sigrún B. segir frá handbók um skólaráð á fulltrúa skólaráðs. Handbókina má nálgast rafrænt [hér](#).
  - b. Flestir eru á öðru ári sínu í skólaráði og þekkja því starfsreglur skólaráðs vel. Það vantar nýja nemendafulltrúann, Hrafnhildi, á fundinn. Sigrún B. fer yfir þetta með henni við tækifæri.
  - c. Skólaráð hefur lesið yfir og gerir engar athugasemdir.
2. Skólabyrjun
  - a. Foreldrar hafa ekki komið inn í skólann í haust. Hefur gengið vonum framár.
  - b. Ætluðum að boða foreldra í minni hópum og bjóða þá velkomna í skólann og þess vegna voru ekki áætlaðir fjarfundir, það varð hins vegar ekki vegna áframhaldinna takmarkanna.
  - c. Til skoðunar að bjóða upp á frekari fjarfundi og fjarkynningar þar sem aðstæður bjóða ekki upp á annað eins og er, t.d. varðandi námskeið um læsi og lestur o.fl.
  - d. Samráðsviðtöl verða á Google Meet í fjarfundarformi.
  - e. Úrvinnusóttkví
    - i. Kostur að vera í tveimur húsum, ekki bæði húsin verið út í einu.
    - ii. Enginn starfsmaður með staðfest smit heldur barn.
    - iii. Tvær kaffistofur í Hjalla, miðstig og unglíngastig er hólfaskipt eins og hægt er.
    - iv. Miðstig fer í áframhaldandi sóttkví
  - f. Nemendum finnst skólaárið hafa farið vel af stað.
  - g. Nýr forstöðumaður í frístund. Hittir stjórnendur reglulega og fær leiðsögn og endurgjöf. Verið að auglýsa eftir nýjum aðstoðarforstöðumanni í frístund. Mönnun verið með ágætum en stundum forföll vegna veikinda.
  - h. Kominn starfsmaður í stærra hlutfall á bóksafnið í Digranesi til þess að auka þjónustu við börnin.
3. Framkvæmdir
  - a. Litlar framkvæmdir í Hjalla. Færðar til stofur og skrifstofur innanhús til þess að koma öllu fyrir, aðþrengt húsnæðið í Hjalla vegna þess hve stórar einhverfudeildirnar eru á mið- og unglíngastigi. Miðstigið er nú allt saman á einu svæði og deildirnar nær sínum stigum. Ánægja með þessar breytingar.
  - b. Digranes. Frístund færð niður í neðstu álmuna næst íþróttahúsinu þar sem einhverfudeild var áður. Sérdeild einhverfra flutti upp í Skessuhorn þar sem frístundin var og er því komin nær daglegu starfi skólans. Skrifstofa starfsmanna

var stækkuð, ný skrifstofa skólastjóra, bókasafnið er komið niður í upplýsingaver. Fækkaði borðtölvum en fleiri nemenda ípadar í staðinn. Hver og einn í 3. og 4.bekk er með sinn eigin aðgang, 1 á 1, tveir saman með einn í 1. og 2.bekk.

- c. Miklar tæknilegar breytingar hjá Kópavogsbæ, ekki búið að klára að fínstilla og innleiða allar breytingar.
4. Starfsáætlun skólans
    - a. Starfsáætlun skólans var send skólaráði til yfirlestrar.
    - b. Farið yfir starfsáætlun skólans og athugasemdir.
    - c. Breytingar í stjórnun.
      - i. Starfssvið og verkefni stjórnenda voru farin að skarast verulega í kjölfar breyttra áhersla í námi og kennslu og aukna teymiskennslu/vinnu.
      - ii. Lögð niður staða deildarstjóra sérúrræða þar sem hans verkefni voru farin að heyra að mestu leyti undir deildarstjóra stiga. Þess í stað verða fengnir inn fagaðilar inn í sérstök verkefni hverju sinni, t.d. varðandi lestur, sérkennslu, einhverfu, ÍSAT o.fl.
      - iii. Orðið mikil aukning á tímum í ÍSAT í kjölfar niðurstaðna millimálaprófa.
      - iv. Skóladagatal. Til umræðu að færa þemadaga vegna COVID-19 til þess að takmarka blöndun í nemendahópnum. Þetta verður tekið fyrir ef þörf krefur á næsta fundi 20.október.
      - v. Áherslur vetrarins eru frekari innleiðing á ÖSE, líðan og samskipti, lestur, aukin teymisvinna kennara, snemmtæk íhlutun.
      - vi. Viðburðardagatal kemur til með að þurfa að taka breytingum vegna COVID-19.
  5. Starfsáætlun skólaráðs
    - a. Lagt til að skólaráð hittist oftari í fjar í stuttan tíma í senn en í stað í langan tíma í senn.
    - b. Starfsáætlun skólaráðs er lifandi skjal.
    - c. Starfsáætlun samþykkt.
  6. Önnur mál.
    - a. Spurningar úr foreldrasamfélaginu varðandi fjarkennslu, hvort það standi til að vera með einhverja fjarkennslu í sóttkví.
      - i. Skólinn starfar undir reglugerðum yfirvalda. Höfum ekki heimild til að skerða skóla auk þess sem við erum bundin af kjarasamningum kennara.
      - ii. Erfitt í framkvæmd að skipuleggja fjarkennslu og staðkennslu á sama tíma.
      - iii. Plan B er tilbúið ef skólanum verður lokað, svipað og í mars en með meiri innkomu nemenda.
      - iv. Er til skoðunar varðandi fjarkennslu í þeim árgöngum sem eru í sóttkví.
      - v.